

Mál nr. 142/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. apríl 2024, ásamt myndbandsupptöku.
2. Bréf V, dags. 7. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. júní 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 19. júní 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð bifreiðin B, sem er í eigu M, fyrir grjótkasti frá bifreiðinni A á Innstrandarvegi sem er malarvegur sem liggur í vestanverðum Hrútafirði hinn 1. apríl 2024. Hafi bifreiðinni A verið ekið greitt úr gagnstæðri átt og hafi M ákveðið að hægja á bifreið sinni og er nánast kyrrstæður þegar bifreiðarnar mættust. Rignði grjóti yfir bifreið M með þeim afleiðingum að það brotnaði upp úr lakki bifreiðarinnar. Vegna tjónsins gerði M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Hefur V hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að ómögulegt sé að segja til um hvaða tjón varð af völdum þessarar tilteknu bifreiðar og hvað ekki. Vísar M til myndbandsupptöku úr myndavélakerfi bifreiðarinnar þar sem grjóti sést rigna yfir bifreið M. Telur M ástæðu fyrir grjótkastinu vera aksturslag A en ekki malarvegurinn sem slíkur.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt almennum sönnunarreglur sé það í höndum M að sýna fram á raunverulegt fjártjón sitt og að það tjón verði rakið til notkunar bifreiðarinnar A. Hafi bifreið M orðið fyrir umræddu tjóni við akstur um Innstrandarveg, þá sé ljóst að M mætti fjölmörgum bifreiðum í umrætt sinn. Telur V með öllu ósannað og ómögulegt að fullyrða að þessar tilteknu skemmdir hafi komið til vegna notkunar á bifreiðinni A. Líta verði á að steinkast af vegi sé hluti af eðlilegu sliti á lakki bifreiða við notkun þeirra í umferð á íslenskum vegum.

Í viðbótarathugasemdum M eru settar fram athugasemdir við þá fullyrðingu V að hann hafi mætt fjölmörgum bifreiðum við akstur á veginum. Hið rétta sé að hann hafi mætt örfáum bifreiðum á malarkaflanum þar sem nánast öll umferðin var í suður vegna hátíðarhalda um páskahátíðina. Ef grjótkast hefði komið frá annarri bifreið hefði M lagt fram myndband af þeim atburði því til sönnunar.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort sannað sé að tjón sem varð á bifreiðinni B, megi rekja til notkunar bifreiðarinnar A og hvílir sönnunarbyrðin á M. Af fyrirbyggjandi myndbandi úr myndavélakerfi bifreiðarinnar B má sjá grjót kastast undan hjólbörðum bifreiðarinnar A og á bifreiðina B. Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af skemmd á vinstri framhurð bifreiðarinnar sem bera með sér að vera af völdum grjótkasts. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna verður að telja að M hafi lagt fram fullnægjandi sönnun á því að umrætt tjón á bifreiðinni B megi rekja til notkunar bifreiðarinnar A. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 11. júlí 2024.

rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir